

Málsnr.: Mál nr. 090-2009-0021, (diskur nr. 15537)

Staðsetning: Embætti sérstaks saksóknara

Dagsetning: Fimmtudagur 3. nóvember 2011

Klukkan: 09:56

SS Sérstakur saksóknari

MG Magnús Guðmundsson, kt. 110470-4019

KA Karl Axelsson hrl.

SS Þá höfum við kveikt á upptöku. Til stendur að taka skýrslu af Magnús Guðmundsson í máli 090-2009-0021 sem varðar lánveitingar Kaupþings banka til Kevin Stanford á árinu 2008. Í dag er 3. nóvember 2011 og klukkan er 09:56. Magnúsi hefur tvisvar áður verið yfirheyrður vegna málsins.

Honum er kynnt að sem sagt eins og bara sama og áður að til rannsóknar séu ætluð refsiverð háttsemi stjórnenda og starfsmanna Kaupþings banka hf. og Kaupthings banka í Luxembourg við kaup Kevin Stanford á hlutabréfum í bankanum. Kevin Stanford er breskur þegn. Nánar tiltekið lýtur rannsóknin að kaupum Kevin Stanford á 17.300.000 hlutum í Kaupþingi banka hf. í ágúst 2008. Kaupin voru að öllu leyti fjármöggnuð af Kaupþing banka hf. sem veitti Kevin Stanford lán að fjárhæð kr. 12.445.518.000 (um 102 milljónir evra) án viðhlítandi trygginga og án þess að lánanefndir bankans fjölluðu um lánveitinguna.

Með gerningi þessum leikur grunar á að fjármunum bankans hafi verið stefnt í stórfellda hættu og kunni þannig að varða við ákvæði XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um auðgunarbrot, einkum 249. gr. laganna um umboðssvik. Þá er til rannsóknar hvort umrædd háttsemi kunni að varða við 117. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, sbr. 146. gr. sömu laga, um markaðsmisnotkun.

Og það er eins og áður að Magnúsi er kynnt réttarstaða sakbornings í skilningi 1. mgr. 27. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en hann gegndi starfi bankastjóra Kaupþings í Lúxemborg þegar hin ætlaða refsiverða háttsemi átti sér stað. Magnúsi er kunnert að honum sé óskilyt að svara spurningum um ætlaða refsiverða hegðun sem hann verður mögulega yfirheyrður um, sbr. 2. mgr. 64. gr. sakamálalaga. Brýnt er fyrir Magnúsi að kjósi hann að tjá sig um ætlað sakarefni að segja þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta, sbr. 3. mgr. 64. gr. sakamálalaga. Þú ert farinn að átta þig á þessu Magnús er það ekki? Ég er þá ekkert að discutera það frekar.

Aðspurður kveðst Magnús skilja framangreind lagaákvæði.

Karl Axelsson hrl., er hérna viðstaddur var skipaður verjandi þinn í málinu.

Skýrslutakan eins og áður tekin upp í hljóð og mynd í samræmi við 2. mgr. 66. gr. sml.

Við ætlum rétt að impra á 4. mgr. 64. gr. sml. um að þér er ekki sem sagt heimilt að ráðfæra þig við verjanda um hvornig þú eigir að svara einstökum spurningum. En þér er að sjálfsögðu honum heimilt að ráfæra þig einslega við verjandann ef þú vilt ræða

um réttarstöðu þína og gera það í einrúmi, enda trúfli það ekki yfirheyrsluna að mati þeirra sem að stjórna skýrslutökunni.

ÞGÞ Ég heiti Þórður G. Þorsteinsson og er lögreglufulltrúi.

SM Sigríður Mogensen sérfræðingur.

RH Róbert Helgason sérfræðingur.

MG Magnús.

KA Karl.

SS Hvað segirður þá svona kannski bara í upphafi eitthvað sem að nýtt komið fram eitthvað rifjast upp frekar miðað við það sem áður...?

MG Ég hef haft ágætis inngang á þessu enda tvívegis búinn að koma í yfirheyrslu út af sama máli.

SS Já nákvæmlega, ekkert komið fram síðan síðast. Ekkert sem þú vilt bæta við fyrri framburð?

MG Nei.

SS Ja það liggur fyrir að, að það eru þarna keyptir 17.3 milljónir hluta 7., 8. og 11. ágúst 2008. Frosti Reyur Rúnarsson var sem sagt miðlari viðskiptanna eða sem sagt keyrði bréfin í, inn í Kauphöll. Það kom fram í fyrri yfirheyrslu yfir þér þarna 6. maí 2010 að móðurfélagið hefði ákveðið viðskiptin og fjármögnunina og að þín aðkoma hefði verið nánast engin er það rétt?

MG Það er rétt.

SS Hver voru samskipti þín við starfsmenn móðurfélagsins í tengslum við þessi viðskipti?

MG Ég man það ekki.

SS Manst það ekki? Manstu hvort þú áttir í beinum samskiptum við Hreiðar eða Sigurð Einarson í tengslum við það?

MG Ég átti í einhverjum samskiptum við Hreiðar Má í tengslum við þetta.

SS Geturðu útlistað það nánar?

MG Ja það að Hreiðar og Kevin Stanford sem komast að samkomulagi...

SS Og hvenær var þér greint frá því að, þessu samkomulagi?

MG Man það ekki.

SS Hvað ræddu þú og Hreiðar í tengslum við þetta?

MG Man það ekki.

SS Þekkirðu til þess hver seljandi bréfanna var?

MG Veit það ekki.

- SS Það liggur fyrir að, að viðskiptin voru fjármögnuð með peningamarkaðsláni að fjárhæð 12½ milljarður króna, var þér kunnugt um það?
- MG Nei.
- SS Þekktirðu ekki form lánveitingarinnar?
- MG Móðurfélagið sá um lánveitingu og bar ábyrgð á henni, ég, kom mér ekki við.
- SS En þannig að þú sjáir þetta þá er þetta hérna peningamarkaðsútlán og þetta er skjal merkt **II/1.2.1**
- MG Óundirritað skjal?
- SS Já. Bara að sýna þér hérna að það sem sagt það liggur fyrir að það var ekki undirritað en þessir peningar voru sannarlega millifærðir. Þá eru við hérna með tölvupóstsamskipti milli þín og Gabriel Rindone en hann var starfsmaður í Luxembourg ekki satt? Geturðu sagt okkur hvað hann gerði þar?
- MG Hann var yfir markaðsviðskiptum.
- SS Já. Þetta er skjalmerkt **II/1.3.1** kannski aðeins hérna þú ert að s... segja þarna þeim frá því að það sé verið að kaupa fyrir Kevin, þú segir hérna.
Funding will come from Iceland.
Hvernig vissirðu af því?
- MG Hvernig vissi ég af því?
- SS Já.
- MG Ég sagði að Hreiðar hefði talað við mig.
- SS Já og sagði hann frá...
- MG Hreiðar ákveður þessi viðskipti...
- SS Já.
- MG ... móðurfélagið lánar til viðskiptanna...
- SS Mh, þá er Hreiðar...
- MG ... eðlilega veit ég að móðurfélagið lánar.
- SS Mh, var það sem sagt Hreiðar sem lét þig vita að hann hefði náð samkomulagi við Kevin um að hann keypti bréf í bankanum og að Kaupþing myndi fjármagna það?
- MG Ja ég veit ekki nákvæmlega hvernig hann ætlaði að fjármagna það en ég veit að þetta var að undirlagi móðurfélagsins og það var ákveðið að lána.
- SS Og það hafi verið ákveðið að lána? Þú spyrð hérna sem sagt Gabriel Rindone segir síðan við þig.
Við höfum sem sagt keypt í dag 6 milljón hluta bókum við á reikning 100977.

Þú spyrð.

Er sá reikningur eða sem sagt þannig að ég hafi bara, is that account empty?

Hérna...

MG Já.

SS ...hvers vegna?

MG Til þess að geta sérgreint það fyrir móðurfélagið af því að móðurfélagið er búið hald í þeim eignum.

SS Já, veistu hvort að það var gert veð... gerður veðsetningasamningur?

MG Ég veit það ekki.

SS Nei, en sem sagt þetta er þá lagt inn á sem sagt tóman reikning sem var ekkert inni á hjá Kevin Stanford?

MG Ég veit það ekki.

SS Nei.

MG En það hefur verið ætlunin.

SS Það hefur verið ætlunin já. Og þú veist ekkert hvernig veðsetningin var fór fram eða hvort?

MG Nei enda var lánveiting og veðsetningin ekki í mínum höndum. Ég vann ekki fyrir móðurfélagið.

SS Það hafa ekki fundist nein gögn sem að benda til þess að, að sem sagt þessi bréf hafi verið veðsett eða aðrar eignir í tengslum við þessi viðskipti. Kemur það þér á óvart?

MG Ég tjái mig ekki um það, þetta er ekki á mínu borði.

SS Hvernig líturðu á afkomu Kaupthing Luxembourg af þessum hlutabréfaviðskiptum?

MG Við erum vörsluaðilar í bréfunum.

SS Mh, viltu meina það að það sé ykkar eina aðkoma?

MG Það er okkar eina aðkoma.

SS ... þannig að þú fáir nú að sjá öll gögn málsins sem við erum með eða sem sagt snúa að þér þá er hérna tölvupóstur skjalmerkt **II/1.3.4** hvað geturðu sagt okkur um þetta?

MG Þarna var staðfest að það sem að áður hefur komið fram að við erum að taka á móti bréfum fyrir hönd Kevins inn á vörslureikning hans.

SS Hann segir hérna hann Gabriel við Guðmund Þór.

Geturðu vinsamlegast staðfest að við sem sagt fáum eða vi... We will receive the funds value today as agreed.

Og forwardar því síðan á þig. Af hverju voruð þið að velta fyrir ykkur hvenær þessi fjármögnun kæmi?

MG Til að tryggja það að við gætum haft delivery versus payment þannig að við fengjum sku... fengjum bréfin á sama tíma og, og peningarnir flæddu, flæddu á milli.....vegna þess að við vorum ekki lánveitandi fyrir þessum viðskiptum.

SS En þú segir að þið hafið hýst bréfin, geturðu útskýrt það aðeina nánar?

MG Kevin var með bankareikning eða vörslureikning hjá okkur og við vorum sá aðili sem sá... hélt utan um allar eignir hans.

SS Voru þær eignir að einhverjum hluta veðsettar ...

MG Allar.

SS ... gagnvart þessu, gagnvart þessu tiltekna láni?

MG Hvaða tiltekna láni?

SS Þessu 12.5 milljarða króna peningamarkaðsláni?

MG Ég hafði ekkert um það að segja.

SS Nei.

MG Allar eignir sem hann var með hjá okkur voru veðsettar af okkur.

SS Voru veðsettar ykkur?

MG Já.

SS Ekki móðurfélaginu?

MG Ja svo er ákveðin, svo er ... sér reikningur þess vegna spyr ég hvort að reikningurinn sé tómur vegna þess að til stóð að móðurfélagið myndi hafa hald á þeim reikningi og þá vildi ég ekki að móðurfélagið hefði hald á öðrum eignum hans hjá okkur...

SS Akkúrat.

MG Þess vegna spyr ég hvort að það er, sé reikningur, hvort hann sé tómur til þess að tryggja það að þegar móðurfélagið tæki sín bréf að veði að það væri ekki verið að taka veð í bréfum sem væru tryggingar á okkar lánsamningi.

SS Og væru þá ekki einhverjar krossveðsetningar í gangi?

MG Já.

- SS Já, þannig að þú vilt sem sagt, þú ert þá að segja í rauninni að það sem að, þau lán sem þið höfðuð veitt Kevin Stanford og að það væri einhvers konar allsherjar veð á þeim lánveitingum eða sem sagt eignir á ykkur væru...
- MG Já, já allar veðsettar.
- SS ... en þetta sem er lagt inn á sem sagt þetta lán, og, og þetta sem er lagt inn á þennan reikning Kevin Stanford í Lux. þessa... þennan tóma reikning sem þú nefnir...
- MG Já.
- SS ... að það er sem sagt ekki sérstaklega veð... sem sagt eignirnar sem þið hýsið fyrir Kevin Stanford út af öðrum viðskiptum, þær er ekki sérstaklega til tryggingar á því láni?
- MG Ef að það er, ef að þær eru ekki veðsettar hérna móðurfélaginu að þá samkvæmt orðanna hljóðann í opunar skjölunum okkar þá geta þeir, geta, er hægt að líta svo á að þær eignir séu veðsettar okkur líka.
- SS Já ég segi sko...
- MG Það er ekki óveðsett.
- SS Geta menn veðsett þær ykkur og móðurfélaginu gagnvart útistandandi lánum?
- MG Nei, nei, nei, nei við getum ekki veðsett báðum aðilum á sama tíma en ef að það er ekki sér samningur á milli félaganna um að þeir hafi tilkall á þennan tiltekna reikning þá eru auðvitað í defacto veðsettar okkar þar til að slíkur samningur er settur í gang.
- SS Var slíkur samningur gerður varðandi þennan reikning 100977.
- MG Þekki það ekki.
- SS Það virðist vera sem að, að bréfin séu keypt í raun eins og þú getur bara séð hérna, þetta er sem sagt, þetta var keypt í nokkrum skömmtum en hérna er ég með kaupnótuna frá 7. ágúst og það eru 6 milljónir hluta það er skjalmerkt **II/1.1.2** og þetta virðist keypt á Kaupthing Luxembourg ekki beint á Kevin?
- MG Nei, ef það var keypt beint á Kevin að þá væri náttúrulega væru bréfin ekki settluð í Luxembourg.
- SS Já þannig að þetta er alveg sem sagt það var algengt að, að Kaupthing Lux. væri í rauninni kau... væri skráður kaupandi og síðan væri þá bara...
- MG Það er ekki algengt það er alregla.
- SS Já það var alltaf gert.
- MG Það er ekki hægt að gera það öðruvísi.

- SS En alltaf þegar þið voruð að kaupa sem sagt sjá um að sem sagt kaupa bréf fyrir kúnna sem voru hýst... voru hjá ykkur með reikninga að þá var það keypt á Kaupthing Lux. beint?
- MG Já.
- SS Það eru hérna tölvupóstsamskipti skjalmerkt **II/1.3.5**
- MG Það er 3... 5 þarna. Já.
- SS Hérna eru þú og Kevin Stanford að tala saman, þú upplýsir hann um það s... hvað, hvað er búið að kaupa á hvaða verði, þú segir hérna.
Fyrir áttirðu 13.4 milljónir hluta.
Geturðu sagt okkur frá því hvaða bréf það eru?
- MG Það eru Kaupþings bréf.
- SS Já einmitt ég átta mig á því en, en hvenær þau voru keypt og, manstu eftir því?
- MG 2006.
- SS Voru þau þá bara alveg afgreidd frá hinum?
- MG Ég geri ráð fyrir því.
- SS Já. Voru þið með sem sagt lánveitingar í tengslum við þau eða móðurfélagið, veistu það eða einhver annar aðili, utanaðkomandi aðili?
- MG Við vorum með lánveitingar til Kevins en ... við litum ekki á það í sjálfu sér að við værum með, með verðmæti í collateral value í eignunum sem við erum með í Kaupþingi, við litum miklu frekar á aðrar eignir sem veðandlag.
- SS Já þið lituð ekki á Kaupþings bréfin sem Kevin átti sem veðandlag?
- MG Nei menn gera það ekki.
- SS Hvers vegna ekki?
- MG Vegna þess að það var í innri reglur hjá okkur.
- SS En þið tókuð í rauninni ekki veð í eigin bréfum eða bréfum móðurfélagsins?
- MG Jú, jú við tókum veð í þeim vegna þess að við vildum ekki að viðkomandi myndi veðsetja þau annað...
- SS Akkúrat.
- MG ... þannig að við litum ekki á það sem collateral value sem sagt...
- SS Sem sagt verðmætið?
- MG Já.

- SS Þannig að haircut var alveg 100% á þær eignir, það var ekkert metið inn í eða sem sagt?
- MG Öllu jöfnu við höfðum samt svona heimild til að víkja frá þeim lánareglum sem við höfðum en að öllu jöfnu var þetta það sem að við höfðum að, að reglu.
- SS Já svo samkvæmt ykkar lánareglum í ströngustu skilningi þeirra að þá sem sagt tókuð þið það ekki sem...?
- MG Að öllu jöfnu ekki.
- SS Að öllu jöfnu ekki. Kannski bara, við erum líka að reyna að átta okkur á bara nákvæmlega hvernig þessi greiðsla á sér stað, það er hérna skjalmerkt **II/1.3.6**
- MG Já hvað ertu að velta fyrir þér hérna?
- SS Já bara nákvæmlega hvernig þetta er sett upp hérna, það var sem sagt, vinsamlegast veita Kevin Gerald Stanford lán.
- MG Já ég náttúrulega veit ekki hvernig þeir haga sér í móðurfélaginu hvernig, hvað, með money market lán eða öðrum annars konar láni...
- SS Nei, nei, nei.
- MG ... en þeir bara eru að greiða sem sagt inn á reikning Kevin Stanford hjá okkur þannig að við getum settlað viðskiptin...
- SS Akkúrat.
- MG ... vegna þess að móðurfélagið ákvað að lána til þessara viðskipta.
- SS Einmitt þannig að þeir sem sagt eru að greiða inn á reikning Kaupthings Lux. í íslenskum krónum með eitthvað favour account númer þannig að þið merki það þá Kevin Stanford?
- MG Já, já ég meina þegar, þegar þú hefur 100977 eða hvað það er hérna...
- SS Já.
- MG ... þá dettur það beint inn á reikninginn hans.
- SS Einmitt í gegnum í rauninni ykkar reikning?
- MG Já.
- SS Já þannig að þið getið sem sagt séð til þess að hann settli viðskiptin við móðurfélagið?
- MG Já.

- SS En ertu ekki með þessu að segja að eða sem sagt það liggur fyrir við þurfum ekkert að ... fara í neinar hérna grafgötur með það að móðurfélagið er seljandi bréfanna líka, vissirðu af því eða?
- MG Já, já. En þeir eru seljandi gagnvart okkur, við vitum ekki hver er seljandi bak við þá.
- SS Nei.
- MG Þannig að ef þeir eru seljendur bréfanna þá fá þeir fjármuni í staðinn fyrir að eiga hlutabréfin sjálfir, er það ekki rétt?
- SS Það má líta á það þannig jú þarna á þessum tímapunkti. En þá svona kannski það sem við vildum aðallega fara yfir með þér.
- MG Ok.
- SS Hver var fjárhagsstaða Kevins Stanford, ég veit þú getur ekki kannski útlistað einhverja tölu...
- MG Nei, nei...
- SS (óskýrt)
- MG Við erum að tala um 2008, hún var...
- SS Ágúst.
- MG ... hún var byrjuð að vera erfið og það er líka vegna þess að það voru margar eignir sem hann átti verulega stóran hlut í sem að kannski endurspeglast ekki alltaf í verði hlutarins, en ég sé til að mynda í dag að inneign sem hann átti þá hefur tuttugufaldast þannig að sú eina eign myndi stan... sem sagt Mulberry myndi standa undir öllum hans skuldbindingum í dag og svo eru aðrir þeir sem eru óskráðir eins og All Saint þannig að það var erfitt stundum að meta hvers virði safnið var enda var það ákveðið þarna í sumarið 2008 að móðurfélagið myndi taka yfir allar hans eignir og skuldbindingar þannig að þeir myndu hafa heildaryfirráð yfir hans pakka sem a... og þeir gerðu til þess að tryggja það að þeir voru ekki bara með veð í Kaupþings bréfum heldur voru með veð í öllu.
- SS Þú segir veð í Kaupþings bréfunum hvernig veistu að móðurfélagið af hverju heldurðu að móðurfélagið hafi verið með veð í Kaupþings bréfunum?
- MG Ég bara geri ráð fyrir því. En þeir sannarlega eru komnir veð í þau þegar þeir taka yfir öll lánasafn... safnið frá okkur...
- SS Já seinna, ertu að meina við hrúnið eða sem sagt við uppgjör á milli?
- MG Nei, nei, nei þeir taka yfir lánasöfnin hjá okkur á Kevin Stanford í ... ætla það sé ekki í ágúst 2008.
- SS Ertu að vísa í ábyrgðirnar?

- MG Nei, nei.
- SS Bara beint á keyptu lánasamningana?
- MG Þeir bara taka yfir, þeir bara taka yfir lánasamninginn frá okkur, þeir voru með ábyrgð á þeim og þeim fannst það vera erfitt að controla áhættuna með því að, að eitthvað af eignunum væri hjá okkur, eitthvað af eignunum í sölu hjá þeim, veðsetningur eða ekki veðsamningur á milli og það var ákveðið að móðurfélagið myndi taka yfir, það var líka partur af því sem við vorum að gera hjá okkur eða minnka ábyrgðir frá móðurfélaginu og færa þá exposure þar sem ábyrgðin sem sagt var gefin út.
- SS Í staðinn fyrir ábyrgð þá bara færa það beint yfir til móðurfélagsins?
- MG Já þannig að væntanlega hafa þeir þá tekið yfir, tekið yfir allt og eins og ég segi það er erfitt að segja til um en a... en það var komin svona á, við vorum byrjuð að fylgjast mjög vel með honum á þeim tíma og hann var byrjaður að gefa okkur miklu betri upplýsingar líka um þau fyrirtæki sem hann var að reka sem við gátum áttað okkur á verðmæti þeirra.
- SS Þannig að þið svona höfðuð að minnsta kosti einhverjar áhyggjur af stöðu hans þarna sumarið 2008?
- MG Já það var erfið staða hjá m.... mjög mörgum.
- SS Já. Varðandi eignirnar sem hann var með hjá á móðurfélaginu á þessum tíma við að færa þær yfir, þarna voru einhverjar eignir sem hann gat ennþá veðsett fyrir til einhvers annars banka? Voru einhverjar eignir sem hann átti sem voru óveðsettar?
- MG Í Luxembourg?
- SS Já.
- MG Nei.
- SS Og fluttist það bara alveg yfir til móðurfélagsins sem veðsettar eignir?
- MG Það fóru allar eig... veð, lánasamningurinn ásamt öllum veðum, eða öllum eignum hans voru fluttar yfir.
- SS Þú ert þá að tala um lánin sem þið höfðuð veitt honum áður?
- MG Já og allar undirli... undirliggjandi eignir voru til móðurfélagsins.
- SS Myndirðu telja að það hefði verið, veðþekjan hefði verið yfir 100% á þessum tíma?
- MG Það bara eftir því hvaða mat menn setja á þær eignir sem hann átti. Eins og ég sagði það er, ein eignin er búinn að tuttugufaldast frá því, þeim tíma.

- SS En kannski aðeins varðandi viðskipti Kevin Stanford við ykkur þannig að við áttum okkur bara svona á forsögunni, tók hann lánin að einhverju leyti pers... eða sem sagt persónulega eða var það alltaf í gegnum þessi félög, þessi óskráðu félög?
- MG Hvaða óskráðu félög?
- SS Sem þú ert að vísa til All Saints og?
- MG Nei það eru bara rekstrarfélög sem hann átti hlut í og það hefur ekkert með okkur að gera tók engin lán þar í bréf, öll veð, öll hans lán eru í hans eigin nafni.
- SS Voru öll hans lán í eigin?
- MG Öll lánin í hans eigin nafni.
- SS Var það eitthvað sem tryggði að hann gat ekki tekið frekari lán á þessum tíma? Hjá öðrum bönkum? Hjá öðrum bönkum?
- MG Sannarlega ekki ég meina Landsbankinn lánaði honum peningar, Byr lánaði honum peninga, Íslandsbanki lánaði honum peninga, Verðbréfastofa lánaði honum peninga.
- SS Hvaða eignir veðsetti hann þeim aðilum?
- MG Það veit ég ekki eitthvað sem hann átti.
- SS Til, umfram það sem hann var með hjá ykkur?
- MG Ábyggilega nema að þeir veittu það án veðs ég veit það ekki.
- SS Manstu svona cirka hvernig þið voruð að meta þessi óskráðu félög sem sagt hvernig er, voruð þið að meta út frá hvaða mælikvarða?
- MG Ég man það ekki. Móðurfélagið þegar þeir tóku yfir fóru í miklu ítarlegri stúdíu á, á eignunum í tengslum við það.
- SS Veistu hvenær það var gert?
- MG Það hefur ábyggilega verið þegar þeir tóku yfir eignasafnið frá honum.
- SS Já sem var þá í ágúst 2008?
- MG Ég man ekki hvenær það var en það hlýtur að vera auðvelt að finna út úr því.
- SS Við erum hérna með tölvupóstsamskipti dagsett 18. maí fram til 2. júní. Það er skjalmerkt **II/0.3.1** og fylgiskjal hérna over all summary as at 30th April (óskýrt).
- MG Já. Hvað viltu spyrja hérna?
- SS Kannski fyrsta, hann segir þarna að hann sé að halda niðri neyslu eða eyðslu, cutting down expanding tour.
- MG Það er mjög gott.

- SS Já. Var það einhver krafa af ykkar hálfu?
- MG Já. Hann lagði sig allan undir, allt.
- SS Hvað með hans persónulegu eitur eins og hús fasteignir og annað?
- MG Húsið var bara eins og ég meina, bara fasteign sem að hann veðsetti eins og hver annar sem kaupir sér fasteign.
- SS Veðsetti hann það gagnvart ykkur eða?
- MG Nei ég held hann hafi bara veðsett gagnvart sínum local banka.
- SS Já sem að lánaði honum fyrir fasteigninni eða?
- MG Enda ég meina það er ekkert í samhengi við, við heildina, enda ... stóð aldrei til að fara að veðsetja fasteignir eða bíla fyrir verðbréfavíðskiptum hans sko.
- SS Nei. En ef þú getur skoðað þetta hérna...
- MG Enda borguðum við honum heldur ekki til þess að, að kaupa slíkar eignir.
- SS Nei þið lánuðuð honum ekki fyrir slíkum eignum?
- MG Nei.
- SS Hérna er eitthvað verðmat á hans eignum virðist vera, hérna er þetta unnið af þínum starfsmönnum eða, veistu það?
- MG Þetta er hans eigið.
- SS Já, þetta er svona hans sýn á?
- MG Ég held það (óskýrt).
- SS Enda það virðist vera sko, ja... forwardar hann svo á Guðmund Þór.
- MG Já ég held hann sé bara að forwarda á hann sjálfan eða hans ráðgjafa.
- SS Þá erum við með tölvupóst skjalmerkt **II/0.3.2**
- MG Já.
- SS Þarna segir Hreiðar að bíða skuli með lögfræðiaðgerðir vegna, gagnvart Kevin Stanford vegna afleiðusamnings veistu eitthvað um þennan afleiðusamning?
- MG Hann var með gjaldeyrisviðskipti hjá móðurfélaginu og hann var kominn í neikvæða stöðu og það voru deilur milli Kevins og móðurfélagsins þar sem að móðurfélagið hafði haft (óskýrt) til að stýra því og Kevin var ekki sáttur við hvernig til hafði tekist og það var ágreiningur um það hvort að hann ætti að borga það tap sem væri uppi ef ekki er komið veð til tryggingar.

- SS Já og þarna leggur tí... Hreiðar til að það sé beðið með þessar aðgerðir, var það gert veistu það?
- MG Ég veit það ekki, þetta snéri ekki að okkur.
- SS Nei hann sendir þetta á þig samt.
- MG Já ... upplýsingar.
- SS Já.
- MG Við vorum ekki að kalla fram á, fram þessar.
- SS Nei, hann segir hérna Guðmundur Þór og hans fólk er að fara í gegnum stöðuna hjá honum og vonandi fáum við eitthvað framtíðarplan út frá þeim þælingum, veistu hvað, hvað varð um það? var gert eitthvað svona heildar?
- MG Ja móðurfélagið kom með mjög góða skoðun á eiginum hans og þeir ákveða sem sagt að taka yfir eignasafnið hans frá Luxembourg.
- SS Hefurðu séð niðurstöðuna úr þei... þeirri skoðun?
- MG Kannski hef ég séð það einhvern tímann, ég man ekki hún var
- SS Nei en þú manst að hún var til þessi sk... eða sem sagt það var til einhver?
- MG Ég veit að þeir, þeir, þeir gerðu greinargóða skýrslu eða, eða, eða mat sitt á eignum hans og skuldum.
- SS Þegar þú segir greinargóða, þarna áttu þá við bara mjög, mjög ítarlega eða vel gerða eða?
- MG Bara orð sem ég nota.
- SS Já.
- MG Ég veit hve... hversu, ég man ekki einu sinni eftir því hvernig hún leit út.
- SS Nei.
- MG Ég bara geri ráð fyrir að þeir hafi skoðað þetta vel, ég veit þeir skoðuðu þetta vel það er bara spurning hvað þeir settu á blað.
- SS Thierry Muller hvað gerði hann hjá Kaupthing Lux.?
- MG Vann í lánadeildinni.
- SS Var hann svona lánastjóri eða eitthvað svoleiðis?
- MG Ja, ætla ekki bæta einhverju titli á það heldur bara að hann er í lánadeildinni.
- SS Nei, nei, já.

- MG Eflaust verið...
- SS Er að reyna að átta mig á samhenginu miðað við hvernig structurinn var hérna heima sko, viðskiptastjóri ...
- MG Ja ég veit ekki hvað lánastjóri er á Íslandi sko þannig ég skil ekki...
- SS Nei, en var hann eins og Einar Bjarni eða sem sagt og þeir eða?
- MG Nei hann var bara svona credit monitoring.
- SS Já, ok. Heyrðu þá erum við með hérna tölvupóst skjalmerktur **II/0.3.3** ...
- MG Spurningin er?
- SS Þetta er eitthvað sem heitir Latest valuation of KS group.
- MG Já.
- SS Geturðu útskýrt það frekar?
- MG Þetta er skjal sem er búið til automatically í þú veist í kerfinu hjá okkur og sýnir að markaðsvirði eigna þess er 421 milljón og skuldir hans eru 410 milljónir og svo er reiknað sjálfvirkt út eitthvað collateral value sem byggir á einhverju fyrirfram ákveðnu haircut á eignum og sem prentast þá út á hverjum degi í raun og veru. Þó að þau séu seld þá eru það sent á móðurfélaginu að þeir séu vel upplýstir vegna þess að móðurfélagið var með ábyrgð á, á lánveitingum hans þannig að raunverulega eru eignirnar orðnar þeirra áhætta en ekki okkar.
- SS Mh. En þessi fyrirfram ákveð... ákveðna haircut eða niður í collateral value hvernig var hún ákveðin eða hvað var þarna hugmyndafræðin fyrir aftan?
- MG Það réðist við hvers konar eignir hann átti hvort þær voru skráðar eða óskráðar það gæti verið líka eftir sérstöku samkomulagi við hann hvaða (óskýrt).
- SS Þannig að þetta er svona ykkar, hvað á maður að segja, besta mat á þeirri stöðu hans á þessum tíma miðað við verðmæti, veð og annað?
- MG Nei þetta er bara innanhúss vinnuskjöl hvernig við settum fram þessar collateral value, en eins og ég segi og collateral value var í raun veru öðruvísi vegna þess að við höfum ábyrgð frá móðurfélaginu þannig að okkar áhætta var meira móðurfélagsins heldur en á Kevin á þessum tíma.
- SS Ykkar áhætta var meira, fyrirgefðu?
- MG Á móðurfélagið heldur en á Kevin á þessum tíma.
- SS Af því að þið gætuð staðið undir ábyrgðinni?
- MG Já.

- SS Short position call, þýðir þetta að samkvæmt þessu mati er hann í neikvæðri stöðu...?
- MG Ja samkvæmt þessu mati þá er hann í jákvæðri stöðu upp á 11 milljónir í eignum, hann á eignir umfram skuldir og svo short position call það er, það er þá viðmiðunin á collateral value og market value og sem prentast út á alla okkar viðskiptavinum.
- SS En þú segir að hann hafi verið í jákvæðri stöðu en samt í rauninni vantar upp á miðað við hvernig þið metið veðin?
- MG Ja þetta er ekki spurning um að við metum veðin, veðin standa undir því markaðsvirði sem þau eru, við erum að segja sko að, að þegar þú tekur collateral value þá ertu að búa til í raun og veru rými fyrir það ef að markaðurinn lækkar eða, eða breytist að þú lendir ekki strax í því að eiga eignir undir lán.
- SS Einmitt ég skil það en, en sko gagnvart þá bankanum, lánveitandanum, hvernig geturðu þá sagt að hann sé í jákvæðri stöðu ef að þetta er það sem þið metið veðin á?
- MG Þetta er ekki það sem við metum veðin á, veðin eru að markaðsvirði. Þetta er þegar við erum að byrja lánasamning, ef við lánnum einhverjum upphaflega þá erum við að segja, hann vill kaupa 100 við viljum ekki lána honum meira en 70.
- SS Já einmitt.
- MG Og svo geta menn ákveðið það, heyrðu við ætlum að halda þessari 70 reglu og þegar að, að, að skuldin hans er komin í 72 og eignin er sama 100 þá geta menn ákveðið heyrðu það er short position hérna og við ætlum að selja eignirnar en það er sú á... ákvörðun sem þú, sem þú ákveður að gera ekki heldur að, að halda eignunum og eigna þér þessar umfram skuldir á þessum tíma.
- SS En er það þá rétt skilið að í þessu tilfelli þar sem markaðsverð eigna er umfram skuldir að short position call er það sem vantar upp á það rými sem þú varst að tala um hérna upp á ef að markaður lækkar?
- MG Ja þetta er ef þú væ... ef þú værir að ge... gefa út nýtt lán miðað við þessa eigna, eignasamsetningu þá myndirðu segja að vantaði meiri, meira inn í lánasafnið til þess að geta veitt þetta lán í upphafi...
- SS Já, já.
- MG ... og svo geta menn ákveðið það hvort að menn kalli eftir viðbótarveðum eða eignum til þess að viðhalda þessu hlutfalli á öllum tímum eða menn geta ákveðið að hnika frá því en í þessu tilviki þá erum við ekki í raun og veru með forræði af láninu vegna þess að lánið ber ábyrgð móðurfélagsins.
- SS Manstu hvort á þessum tíma það voru frekari eignir sem hægt var að kalla til?
- MG Það er hugsanlegt ég veit það ekki.

- SS Þannig að miðað við market value eigna þá var hann í jákvæðri eiginfjárstöðu en, en miðað við collateral value eða í rauninni?
- MG Í rauninni á þ... miðað við þetta yfirlit en, en eins og ég segi móðurfélagið gerði ítarlegri grein á, á eignum hans í, í samráði við hann. Þú veist þetta eru upplýsingar sem hann gat aflað fyrir móðurfélagið og við það miðaði móðurfélagið. Ég veit ekki hvað þeir lögðu mikið upp úr þeim, þe.. þessari skýrslu sem við gáfum.
- SS Nei. En hérna annað sambærilegt það er skjalmerkt **II/0.3.4** bara það sama sem sagt uppfært miðað við 8. ágúst.
- MG Þá er eignirnar 342 og, og liability 440, þá eru skuldir komnar umfram eignir, þá eru annað hvort menn, verðmæti eignanna að lækka á markaði eða menn hafa lækkað verðmat eignanna, ég þekki það ekki nema fara í gegnum það nákvæmlega lið fyrir lið.
- SS Nei,
- MG En eins og ég sagði hann átti margar eignir sem voru mjög stórar eins og til að mynda Mulberry hann átti þriðjungs hlut í því félagi og annar aðili á 60% í því félagi annars er það 90% af eignunum er haldið þarna af tveimur aðilum þannig að það getur sveiflast mikið ef að einhverjir fáir aðilar selja.
- SS Þannig að hérna 8. ágúst miðað við þetta að þá eru sem sagt er markaðsvirði eigna undir hérna heildar skuldbindingum
- MG Ef þetta er rétt já.
- SS Þarna var eitthvað verið að meta collateral value út frá seljanleika eigna?
- MG Við skoðuðum það líka já.
- SS Eins og í þessu tilfelli ef að, ef að aðili á mjög stóra eign í félagi myndi það hafa áhrif á hvernig (óskýrt) seljanleika?
- MG Já.
- SS Var þessi, þetta mat á seljanleikanum tekin inn í ykkar verðmat á?
- MG Ég bara þekki ekki hvernig var gert með Kevin vegna þess að eins og ég sag... eins og ég sagði áðan að, að móðurfélagið vildi ábyrgð vegna Kevins og okkar áhætta var í móðurfélaginu ekki í hvaða eignaströktur var þarna að baki.
- SS Já. Þekkirðu til svona hver gerði verðmatið upp á bara starfsmann að gera? Hérna erum við með sem sagt, þetta er svona innanhússpóstur í móðurfélaginu en bara af því þú þekktir stöðuna hans þá ætla ég bara að bera þetta undir þig, það er sem sagt **II/1.3.8** sundurliðun á exposure og tryggingar hjá Kevin eins og við fáum þetta sent gegnum Lux(óskýrt)-grunninn.

MG Ég þú veist ég sé þetta nú varla sko, þetta er í ég veit ekki einu sinni í hvaða mynt þetta er sko.

SS Nei þetta kemur hérna fram í milljónum króna.

MG Hvað viltu spyrja mig að?

SS Ég er bara að velta fyrir mér hvort þetta sé, það er hérna nafn, þetta er í rauninni væntanlega það voru þarna tengdir aðilar eða eitthvað slíkt samtals Kevin Gerald Stanford, ef þú getur séð hérna, þetta bara því miður prentast út svona hjá okkur, sem sagt hvort að þetta sé heildarstaðan.

MG Hvort þetta séu þeir aðilar sem að eru undir Kevin a... Stanford grúppu eða?

SS Já.

MG Ég veit það ekki, þetta er eitthvað inni í vi... vinnuskjali hjá móðurfélaginu, ég kannast við þessi nöfn en þetta eru foreldrar og kærasta Kevins þetta er væntanlega grúppa á alla þá sem að tengjast honum til þess að fá large exposure.

SS Já en var hann ekki með hérna einhverja ábyrgð sem sagt gagnvart eins og þú segir foreldrum (óskýrt)?

MG Var það?

SS Nei ég spyr þig.

MG Ekki ég heldur...ekki svo ég muni.

SS Nei..... Sko aðeins aftur varðandi tryggingar móðurfélagsins og ég geri mér grein fyrir að þú átt kannski ekki að þekkja það þar sem þú ert ekki, það er ekki hérna þitt félag sem er að lána en hérna kemur, segir hérna í fyrri yfirheyrslu 6. maí 2010.

MG Hjá hverjum?

SS Fyrirgefðu hjá okkur hérna í fyrra.

MG Hjá mér?

SS Já þú segir hérna, ég er með þetta hérna ef þú vilt sjá það...

MG Nei, nei, já, já

SS 6. maí 201 má ég sjá. Þetta er sem sagt skýrslutakan 6. maí 2010, ...sýna þér þetta.

MG Þú mátt alveg lesa þetta

SS ... já fyrirgefðu þetta er hérna, þetta er allt í góðu, þetta er hérna. Það sést ekki hérna svarbréf í móðurfélagið að öðru leyti eru við bara að benda á það að hann tekur lánið persónulega og þar af leiðandi er hann með allt sitt undir. Geturðu útskýrt það aðeins nánar.

- MG Ef þú tekur lán persónulega þá er hægt að, að ganga eftir þér, gera þig gjaldþrota.
- SS En ef að aðrar eignir eða sem sagt allar þínar eignir eru veðsettar fyrir?
- MG Ef þú veðsetur bankanum s... hva... veðsetur, veðsetur hverjum?
- SS Kaupthing Luxembourg, svo náttúrulega kaupir hérna móðurfélagið eins og þú segir, lánasafnið.
- MG Móðurfélagið tók yfir allar eignir okkar þannig að þeir gátu gengið að hverri einustu eign sem að, sem að við vorum með veðsettar, hvaða nöfnum sem ... þær tjáir að nefna.
- SS En þarna spurningin er kannski líka hvernig meturðu virði persónulegra ábyrgða hjá einstaklingum?
- MG Hver var með persónulega ábyrgð?
- SS Nei hann tók lánið persónulega. Ef hann te... hann tekur lánið persónulega?
- MG (óskýrt) hann metur það þannig að, að sá aðili sem gerir slíkt hann er að setja allt undir sem hann á.
- SS Já, þarna en er þá verið að meta bara heildarstöðu þess einstakling eignir, tekjur?
- MG Nei það skiptir miklu meira máli að á þessum tíma sem að hallar undan fæti þá var búið að gefa upp viðbótar eignir til í Luxembourg sem hann hefði eflaust ekki gert ef að hann hefði ekki verið með persónulegar ábyrgðir, þess vegna trúði ég því sjálfur að ... ástandið væri tímabundið og hann væri með góðar eignir, hann leysti eignir út úr trust-um til þess að koma með þær inn til okkar til að tryggja eignarhaldið frekar og það gerði hann vegna þess að hann var með allt undir.
- SS Ég ætla að ræða við þig póst skjálmerkt **II/0.3.8**
- MG Já hver er spurningin?
- SS Hann talar hérna um global personal guarantee.
- MG Hvar stendur það...já hérna... og hver er spurningin?
- SS Hvaða er það, global personal guarantee?
- MG Ég verð bara að skoða í orðabók ég veit það ekki.
- SS Nei, nei en þú veist gagnvart þekkirðu það ekki þarna undir... undirritaði hann eitthvað slíkt úti í Lux. eða?
- MG Hann er ekki að tala um ... sig, hann segir...also Karen are prepare to if requiered to sign a global personal guarantee.
- SS As I have done.

MG Ja er hann ekki bara að hérna, ég veit það ekki, ég hef aldrei séð, er til gobal personal guarantee?

SS Nei okkur fannst þetta...

MG Er þetta ekki bara hann er að hérna kveða fast að orði, hann hafí gefið ábyrgð á sínum eignum á sínum skuldum sem hann gerði.

SS Er það ek... er það ekki vegna þess að hann var alltaf, eins og þið segið þið lánuðuð honum persónulega?

MG Já.

SS Og hann lagði allt undir?

MG Hann lagði allt undir.

SS Hins vegar þú nefndir...

MG Og, og hann segir hérna að, að, að kona hans vilji líka kaupa hlutabréf í bankanum og, og, og skrifa undir sjálfskuldarábyrgð hvað það varðar og svo framvegis.

SS Ja. Sem þú nefndir áðan tók eignir...

MG Eða fyrrverandi konan hans.

SS ... hann tók eignir út úr trust-um, a trust found.

MG Já.

SS Þarna eru þetta eignir sem hefðu verið aðfarahæfar?

MG Nei

SS Þarna átti hann mikið af eignum í trust-um?

MG Nei, 20 milljónir, 30 milljónir.

SS Evra, evra?

MG Já.

SS Já. Og það var ekki, þið gátuð ekki gengið að því inn í móðurfélagið?

MG Jú hann lagði það allt inn til okkar.

SS Já hann lagði það inn... já.

MG Sem að hann hefði væntanlega ekki gert ef að þetta hefði verið í félagi.

SS En af því þú sagðir gat hann, gátu þið gengið að þeim?

- MG Já, já við gátum gengið að þeim, já, já en svona meðan það var í trust-inu þá hefði ekki verið hægt að
- SS Svo lagði hann það undir.
- MG Svo lagði hann það undir.
- SS Á hvaða tímapunkti gerði hann það?
- MG 2008 held ég að það hafi verið.
- SS Og þá hefði móðurfélagið tekið yfir það samhliða því að taka á lán(óskýrt)
- MG Einmitt.
- SS Þú nefndir að hann hefði fengið lánað hjá Landsbankanum og Byr og öðrum aðilum, hefurðu eitthverja tölu á hvað það hefur svo sem verið mikið miðað við lánin frá Kaupþing og Kaupthing Lux.... eða bara í hlutfalli?
- MG Það er lítið í hlutfalli en, en ég veit ekki hvaða eignir en hann hefur veðsett þeim.... hann var með tiltölulega stór lán undir í hinum bönkunum miðað við það að hann hafði ekki neitt hjá þeim.
- SS Þú miðar við það að það voru litlar eignir hjá þeim?
- MG Ja litlar eða engar.
- SS Já. En það er þá búið væntanlega að girða fyrir það að þeir geti gengið að einhverjum eignum sem þið náttúrulega eruð búin að veðsetja?
- MG Já að sjálfsögðu.
- SS Veistu hvort hann tók það í eigin nafni?
- MG Allt í eigin nafni.
- SS Þá erum við með skjalmerkt hérna **II/0.1.1** það er hérna credit application það er dagsett 6. ágúst 2008 til Kaupthing í Luxembourg. Aðallega að skoða blaðsíðu 2 og 5.
- MG Hver er spurningin?
- SS Það er kannski hérna á, á blaðsíðu 3 þá ert með tafla með Lombard value og collateral ratio.....eða á blaðsíðu 2 fyrirgefðu.
- MG Já.
- SS Hérna það er alltaf talað um KGS group, er það þá bara átt við alla hans undirliggjandi eða sem sagt...?
- MG Hvar stendur KGS group?
- SS Við skulum sjá.....

- MG Já er ekki Kevin með Gerald ... Stanford group?
- SS Jú en það er ekkert félag group ég meina það er bara af því þú segir að hann hafi...
- MG Nei, nei, nei... það er bara, það er bara við erum að biðja um að, að gera large exposure. En KGS group er bara Kevin Stanford grúppa hans.
- SSjá.....
- MG En ég skil alveg hvað þú meinar.
- SS Já ... skilurðu ég, ég er að vísa til þess hvort að þú veist...
- MG Það er ekki félag.
- SS ... það er ekki félag það er bara í rauninni hann og allt hans.
- MG Já, já bara við, við uppfyllum það sem að móðurfélagið og við þurfum að skila, standa skil á eða, eða grúppa (óskýrt) eftir áhættu. Þeir fá nöfn fyrir vikið þessar áhættu grúppur.
- SS En fyrirgefðu ég lagði fyrir þig vitlaust skjal, það lítur nákvæmlega eins út, það er hérna, en hérna er þetta, en þarna er þín undirskrift ekki að það skipti máli við erum bara að skoða út frá, út frá stöðunni, þetta er hérna þetta er sama dagsetning. Þarna ætti að vera á blaðsíðu 2 eða 3 tafla.
- MG Já, related parties.
- SS Já og þarna collateral ration og Lombard value KGS group.
- MG Já.
- SS En þarna kemur fram KGS group collateral value 82%.
- MG Já þarna var líst á fyrstu síðunni þá var hann með áhættu frá móðurfélaginu fyrir 300 milljónum. Þannig að það kemur fyrst.
- SS Mh, já ég er ekki að, ég er ekki að segja sko, ég er bara að velta fyrir mér hvernig veðstaðan hans var þú veist, svo er hann náttúrulega með ábyrgð frá móðurfélaginu.
- MG Ja það er, það er bara þegar maður fer að setjast niður og setja þetta upp í (óskýrt) reikningum og þá sjáum við hver, hver hún er, þetta er allt mjög vel documentar-að en málið var þannig að það væri meira virði fyrir, fyrst að hann væri meira virði sem sagt going concern heldur en, heldur en ekki og hann ætti eignir þar sem væru meira virði kannski heldur en væru á pappírnum eins og hefur komið í ljós kannski síðar.
- SS En þetta, þannig að við bara ítrek... eða sem sagt fá það alveg á hreint að KGS group það er ekki eitthvað félag það er sem sagt bara hann og allt hans?
- MG Já.

- SS Rona...
- MG Já.
- SS Rona financial hvað er það? financial trading ltd.?
- MG Ég man ekki hvað það var, það var sem sagt....gæti hafa verið trust eða eitthvað svoleiðis.....Ég man, ég bara, það bara snjóar yfir þetta.
- SS Já einmitt. Hérna stendur KGS það skilur að persónu guarantee of up to euro 1.3 milljónir the parents (óskýrt) það er kannski það sem ég var að vísa í áðan.
- MG Já, já það er náttúrulega sm...smá munir miðað við heildina.
- SS Já. Þá stendur hérna líka. Kevin Stanford, Stanfords adviser has confirmed that there are currently no intension... to increase the debt exposure. Manstu eftir þessari umræðu að það væri sem sagt eitthvað?
- MG Ja við vorum að vinna með honum að, að minnka hans exposure.
- SS Hann er ekki að auka eða sem sagt það stóð ekki til að auka?
- MG Nei, nei ekki, ekki varðandi þessi lán hans í Luxembourg.
- SS Nei, en þetta er 6. ágúst, 19. ágúst fær hann þá 12½ milljón lánaða frá móðurfélaginu.
- MG Já, já þú ert að tala um lán frá móðurfélaginu en við erum að tala um lán í Luxembourg.
- SS En það alla vegana stóð ekki til að lána honum meira frá Luxembourg?
- MG Ekki Luxembourg, nei en það er, það er í andstöðu við það sem að gerðist síðan að lánin voru flutt til Íslands.
- SS Einmitt. Þegar þú og Hreiðar talið saman, þú segir að Hreiðar hafi ákveðið þessi kaup og, og rætt þetta við Kevin og eða sem sagt þessi viðskipti.
- MG Ég held það sé sannfært í e-mailum eftir á.
- SS Já. Ertu þá að meina í e-mail á milli ykkar og Kevins?
- MG Já milli Kev... já milli Kevins og Hreiðar og mín.
- SS Já að hann, þeir hafi sem sagt ákveðið þetta sín á milli?
- MG Já. Ég held það séu engar deilur um það.
- SS Nei.
- MG Enda hef ég, vart sé ég hvernig ég geti haft heimild til þess að ákveða slíkt.

- SS Nei, en fékk, hafði sam... hafði Hreiðar samband við þig og fékk sem sagt þitt álit á þessum viðskiptum...?
- MG Ég man það ekki.
- SS ... þau væru skynsamleg fyrir móðurfélagið?
- MG Ég man það ekki, það efast ég um.
- SS Hérna 6. maí 2010 í yfirheyrslu hjá þér og, hérna segirðu, þetta er svona í lok blaðsíðu 12 og byrjun blaðsíðu 13,.....
- MG Hvað viltu að ég lesi?
- SS *Það sem væri eðlilegt er að Kaupthing Luxembourg myndi skrifa undir veðsamning til handa móðurfélaginu, er eðlilegt að þessi, þessi tilteknu bréf væru veðsett móðurfélaginu.*
- MG Þarna erum við að tala um það sama og ég sagði áðan.
- SS Já, en við sko, við sjáum engan veðsamning vegna þessara bréfa hvorki milli Kaupthing Lux. og móðurfélagsins né móðurfélagsins við beint við Kevin Stanford.
- MG Ég segi það aldrei, ég segi að það er eðlilegt að það væri á milli.
- SS Já, en ég er að segja það er ekki sko...
- MG Nei, nei.
- SS Vissirðu af því?
- MG Nei ég vissi það ekki ég er búinn að svara því áður.
- SS Já hvað þýðir það ef það er ekki slíkur samningur?
- MG Hvað meinarður, hvað það þýðir, þá er ekki slíkur samningur.
- SS Hefði hann getað veðsett þeim bréfum einhverjum öðrum?
- MG Nei vegna þess að þegar hann afhendir bréfin inn á vörslusafnið sitt eða við fáum bréfin inn á safnið okkar þá höfum við defacto og veðsett okkur, það sem ég útskýrði fyrir ykkur áðan...
- SS En þú...
- MG ... að þeir geta ekki veðsett sem sagt þriðja aðila og svo tekur móðurfélagið þetta allt fyrir og þá fáum við veðsetningu á öllu dótinu yfir.
- SS ... en þú ert að segja, fyrirgefðu, þú ert að segja sem sagt þegar bréfin eru flutt, sem sagt þegar hann kaupir bréfin...

- MG Já þau eru flutt inn á reikning hjá honum og við pössum upp á þetta sé reikningur sem er tómur þannig að það sé ekki annað sem að mengi safnið hjá honum.
- SS Einmitt en þú segir að segir að þetta séu defacto og veðsett ykkur, hvernig er þetta veðsett ykkur ef þau eru inni á empty account og?
- MG Vegna þess að hann skrifar undir account opening formúlu og í þeirri account formúlu er getið þess að allar eignir sem hann leggur til félagsins séu veðsettar.
- SS Inn á hvaða reikning sem er hjá Kaupthing Lux.?
- MG Já.
- SS Já, þannig að þa... þessi bréf voru í rauninni veðsett ykkur til að byrja með eða hvað?
- MG Ja það stóð ekki til, það stóð til að við hefðum veðsett móðurfélaginu þess vegna var það sett inn á sér reikning annars hefðum við ekki verið að vinna í því.
- SS Hefði hann getað tekið bréfin út?
- MG Nei. Vegna þess að þau eru veðsett okkur.
- SS Samkvæmt opnunarskjali.
- MG Samkvæmt opnunarskjölum, hann hefði ekki getað hreyft við bréfunum nema með samþykki okkar.
- SS Þó að þetta væri vegna lánveitinga frá móðurfélaginu?
- MG Já.
- SS Hvað þarf til að þið getið neitar honum um að færa bréfin?
- MG Ja hann þyrfti að borga öll lánin sín til baka og við getum vei... afhent honum það.
- SS Meira að segja þið móðurfélagið?
- MG Hvað segirðu?
- SS Fyrir lán vegna móðurfélagsins?
- MG Ja, ef að bréfin detta inn hjá okkur þá eru þau veðsett okkur og við hefðum aldrei afhent þau, hann var með lán hjá okkur þannig að við hefðum aldrei afhent þau út meðan hann skuldaði okkur.
- SS Þannig að þið fáið í rauninni veð sem sagt þið fáið...
- MG Óvart.
- SS ... já óvart eða sem sagt inn á ykkar veðsafn gagnvart Kevin...

- MG Já, já það var þarna í, í 2 mánuði þar til móðurfélagið tók þetta yfir, kannski hefur það bara verið vegna þess að móðurfélagið var búíð að ákveða að taka þetta allt yfir.
- SS Já, en þú segir 2 mánuði þangað til móðurfélagið tók yfir...
- MG Nei ég veit ekki hvað langur l... tími leið frá því að, það hlýtur að hafa verið fyrir... sept... fyrir hérna í lok október alla vegana.
- SS Hvenær hófust viðræður um að móðurfélagið keypti lánasafnið og allt exposurið af Kevin Stanford?
- MG Sumarið 2008.
- SS Já en þú manst ekki alveg hvenær það gekk í gegn?
- MG Sumarið 2008.
- SS Já.
- MG Það má vel vera að það hafi verið (óskýr) þannig að það og líka þegar menn hafa veitt ábyrgð á, á lánum hans þá í raun bar móðurfélagið sem sagt, bar ábyrgð á því láni sem við höfðum þannig að ef það kom viðbótareignir þar inn það er bara gott fyrir þá. Þessar eignir voru ekkert að fara neitt annað til einhvers annars það er ljóst sko, það er ljóst.
- SS En ef það komu viðbótar, þú segir að það sé gott fyrir móðurfélagið að það komu viðbótareignir en ef eignirnar eru vegna láns sem er veitt að fullu fyrir eignunum það var til viðbótar?
- MG Nei þú varst... það var ekki það sem þú varst að leita eftir þú varst að leita eftir var, getur einhver annar notað þessar eignir svarið er nei og að þessar eignir yrðu þá veðsettar okkur já, er það slæmt fyrir móðurfélagið nei vegna þess að þeir báru ábyrgð á því hvort eð er á skuldum okkar.
- SS En ef hann, ef hann var umfram tryggingastöðu á þessum tíma það sem þurfti til?
- MG Hann var það ekki.
- SS Hann var það ekki. Við erum búin að vera að skoða hérna skjöl sem sýnir fram á að sem sagt miðað við ykkar mat að þá var, hann var short á tryggingum (óskýrt) já, já akkúrat. Eða ég er bara að spyrja út í, þá út í þessa account opening ábyrgð og svona hvað, hvaða hald þá hafið þið, svona hefði hann verið yfir tryggingastöðunni hefði hann þá mátt taka út bara til að skilja þessa ...?
- MG Já, já en hann hefði a... aldrei fengið að taka bréfin út vegna þess að við vitum að bréfin hefðu átt að vera veðsett móðurfélaginu. Annars hefði ekki verið að setja á sér reikning hans, ekki verið að fara í þessa vinnu til að gera það.

- SS Ja kannski ég ætla bara að sjá herna þú varst að vísa til einhverra samskipta eftir kaupin sem sýndi fram á að Hreiðar var ... sem sagt ákvað þetta í samningum, kannski aðeins bara þannig að þú fái að sjá þetta herna, herna er tölvupóstur sem Kevin sendir á þig og Hreiðar og í rauninni er það bara Hreiðar sem svarar honum skjálmerkt **II/0.3.6**
- MG Hafði þið tekið viðtal við Kevin?
- SS Já það hefur verið gert eða sem sagt svona kannski get ekki alveg upplýst það neitt nánar. Við skulum segja að það hafi verið tekið viðtal. Já, ekki í íslenskri lögsögu, það var gert erlendis.
- MG En einhvern tímann var því haldið fram herna gagnvart mér að, að Kevin hafi nú ekki verið alveg með á nótunum hvað hafi verið að gerast og svo framvegis en ég held að það sé nú algjörlega þveröfugt að hann er algjörlega meðvitaður 100% hvað hefur verið að gerast. Eða hvort hann hélt því fram í fjölmiðlum að...
- SS Já það var held ég frekar þannig.
- MG ... að hann hélt því fram í fjölmiðlum að hann væri algjört fórnarlamb og vissi ekki neitt og ...
- SS Já einmitt.
- MG ... algjörlega (óskýrt) í því.
- SS En þess vegna erum við með þetta inn í málinu sko.
- MG Já.
- SS Að reyna að komast að sanna, hinu sanna. Hérna, þarna í rauninni bara svarar Hreiðar þessum bara til að, bara sýna þér það þú veist í þessum samskiptum. Hérna er líka einhver hugmynd að, hann sendir þetta bara, bara á Hreiðar, hann nefnir herna, hann er með einhverjar hugmyndir um sko, það er farið að nálgast hrun 1. október um það að selja hlut hans í Byr, kaupa Kaupþing, veistu hvaða hlutur þetta var í Byr?
- MG Hann átti einhvern, einhver nokkur prósent í Byr.
- SS Já. Veistu hv... hvernig það var fjármagnað á sínum tíma og hver var?
- MG Við fjármögnuðum í Luxembourg.
- SS Í Luxembourg og voruð þið þá með Byr bréfið að veði?
- MG Já.
- SS En 1. október var búið að færa þetta yfir í móðurfélagið?
- MG Ég man ekki nákvæmlega hvernig það var en ég íhlutaðist með það með Steinari Guðgeirssyni að, að þeir fengu hald á þessum bréfum þegar að, að bankinn var fallinn.

SS Byr bréfunum?

MG Já.

SS En áttuð þeir ekki að fá það fyrst að móðurfélagið var hvort sem er búið að kaupa þetta allt?

MG Jú, jú bréfin voru óskráð sko, þau voru skráð í hans eigin nafni út af reglum sem að ti.. tilheyra sko því rekstrarformi sem Sparisjóður er rekinn eftir ...

SS Einmitt.

MG ... þannig að það var svona ekki alveg plain vanilla að, að færa þau á milli.

SS Já einmitt en það var ekki sem sagt...

MG Við upplifðum það bara með skilaneftinni að þeir fengju, fengju þau bréf til sín.

SS En þessi bréf voru þau hýst hjá ykkur úti í Lux.?

MG Ég man ekki hvort þau voru físiísk eða ekki

SS Nei.

MG Ég held að það hafi bara verið hlutaskráin sem að, sem færði þetta svona.

SS En þau voru sem sagt voru veðsett ykkur vegna láns en það var ekki alveg öruggt að þau færu með fyrir en að þú kemur og tala við Steinar?

MG Ja þau voru ekki rafrænt skráð þessi bréf.

SS Einmitt þannig að það þurfti.

MG Það þarf að vera samþykki stjórnar um breytinguna á, á veðsetningu og svo framvegis.

SS Þannig að þ... þau fóru ekki sjálfkrafa með kaupum á (óskýrt) lánsamning. Var Sigurður Einarsson upplýstur um þessi kaup og fjármögnun um þessi viðskipti?

MG Þekki það ekki.

SS Þekkirðu það ekki? En vissir þú að, að þetta tiltekna peningamarkaðslán fór aldrei fyrir lánanefnd Kaupþings?

MG Þekki það ekki enda sat ég ekki í lánanefnd.

SS Nei, en heyrðirðu af því?

MG Nei. Enda gerði ég engan mun, greinarmun á því hvað er munurinn á peningamarkaðsláni eða láni í móðurfélaginu.

SS Nei, nei, nei, nei.

- MG Lán er lán.
- SS Kannski aðalatriðið að lánanefnd samþykkir ekki lánið getur, getur þú skýrt málið?
- MG Ég bara þekki það ekki.
- SS Nei. Ég er búin. Við spurðum þig nú að þessu áðan, þú segist ekki hafa vitað hver seljandi bréfanna var?
- MG Ekki á þeim tíma.
- SS Eftir á?
- MG Ja bara lesið í gögnum málsins að það sé móðurfélagið.
- SS Hvernig var það með ykkur úti í.....sem sagt hvernig voru, var þessu háttað, þið áttuð eitthvað af Kaupþings bréfum inn á safnreikningi í Arionvörslu?
- MG Nei.
- SS Ekkert, ekkert, bara fyrir hönd kúnna?
- MG Bara fyrir hönd kúnna.
- SS Já þess vegna heitir þetta safnreikningur ...bara. Þarna varðandi þessi afleiðuviðskipti sem þú sagðir að hafi verið í deilum við Kaupþing hérna gjaldeyrisviðskipti, þarna manstu hvernig þeim deilum lauk?
- MG Nei.
- SS Þarna hefðu þær deilur eitthvað geta haft áhrif á ykkur?
- MG ... Þetta voru smá, smá tölur í, í heildarsamningi.
- SS Þarna Mulberry þetta er þarna skráð bréf?
- MG Já.
- SS Þarna varðandi hvernig eins og þú nefndir að Mulberry hefur hækkað mikið síðan þarna varðandi hvernig maður metur skráð bréf á svona hverjum tíma er það bara gengi bréfanna?
- MG Já.
- SS Er einhver ástæða til að meta bréf einhvers annars virði heldur en gengi bréfanna?
- MG Í rauninni ekki.
- SS En (óskýrt) ekki er ástæða til að gera það annars?
- MG Ja ef menn telja að innra virði fyrirtækis sé hærra heldur en markaðsvirði þá geta menn kannski litið til þess að markaðurinn sé ekki alveg að verðleggja félagið rétt.

- SS Ef menn telja að félagið eigi inni hækkunar á markaði, eigi inni...
- MG Nei, bara ef að verðmæti félagsins eigi fé félagsins sé meira en markaðsvirði þá kannski horfa menn til þess.
- SS En ef að einhver á eign í skráðum bréfum þá náttúrulega, þó að innra verðmæti félagsins sé kannski, þá er það náttúrulega væntanlega bara markaðsvirði sem maður getur selt þær á.
- MG Já þetta er sérstakt félag vegna þess að 90% er í eigu tveggja aðila.
- SS Umh, þannig að það er stundum horft til innra virði?
- MG Stundum.
- SS Manstu hvort að þið gerðuð það í þessu tilviki þegar þið voruð að verðmeta eignir?
- MG Við fórum ekki í slíka, það er þá móðurfélagið sem hefur gert það ef að, ef að það hefur verið gert.
- SS Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?
- KA Nei Magnús ætlar...
- MG Ég ætlaði kannski bara að áréttu að það sem hefur að ég hef áður, kannski áður en að ég tók enga á..... ákvarðanir varðandi umrædd viðskipti hvorki um lánveitingar móðurfélagsins né sölu hlutabréfaverðs enda hafði ég ekki vald til þess. Þær ákvarðanir voru alfarið á ábyrgð stjórnar móðurfélagsins enda viðskiptin á forræði þess, ég hafði ekkert vald til þess að skuldbinda móðurfélagið og minni á að fyrir liggur undirskriftarlisti Kaupþings banka sem telur 275 einstaklinga og á held ég 34 blaðsíðum sem gátu skuldbundið félagið, mitt nafn er ekki þar á meðal. Ég hafði aldrei neinar forsendur til að ætla annað en að allar lánveitingar til viðskiptavina Kaupþings banka væru í samræmi við lánareglur og að veð í samþykki fyrir þeim væri ávallt til staðar. Ég sat hvorki í lánanefnd, framkvæmdastjórn eða í stjórn móðurfélagsins. Ég hafði engar skyldur varðandi mat á áhættu á þessum einstöku viðskiptum. Því vil ég taka fram að í Kaupthing í Luxembourg bar mig að vinna að því að gæta hagsmuna viðskiptavina minna með arðbærum hætti, mín aðkoma að máli sneri því alls ekki að því að taka ákvarðanir um viðskipti fyrir hönd móðurfélagsins.
- SS Ef það er ekkert frekar þá er skýrslutöku þessari lokið 11:01.